

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 25. maí 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2010*a. Ársreikningur:*

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 17. maí 2011. Rekstrartekjur samstæðunnar voru 437 m.kr. og rekstrargjöld 451 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 10 m.kr. en rekstrarniðurstaða eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 8,7 m.kr.

Eigið fé samstæðu í árslok 2010 nam 1.235 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, Eiginfjárlutfall samstæðu var 75,0% í lok árs 2010 en var 72,9% árið 2009. Veltufjárlutfall samstæðunnar nam 19,97.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar 62,6 m.kr. og handbært fé frá rekstri 56,1 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 543 m.kr. í árslok en var 783 m. kr. í árslok 2009. Lækkun handbærs fjár skýrist að mestu leiti af því að 186 m.kr. af handbæru fé voru færðar í fjárfestingu í ríkisskuldabréfum en fjárfesting í fastafjármunum nam 83 m.kr.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann að lokinni umræðu..

b. Endurskoðunarbréf

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar, endurskoðanda sveitarfélagsins. Auk samantektar á helstu niðurstöðum ársreiknings er í bréfinu fjallaðu um lykiláhættuþætti, reikningsskilaaðferðir, mat stjórnenda og megin niðurstöður skoðunar á innra eftirliti. Í bréfinu koma ekki fram neinar athugasemdir sem sveitarstjórn þarf að bregðast við. Endurskoðunarbréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við það.

2. Deiliskipulag Hólaness

Fyrir fundinum lá tillaga að deiliskipulagi Hólanessvæðisins, unnin af Yngvar Þór Loftssyni hjá Landmótun. Skipulagið hafði áður verið til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 20. apríl 2011. Skipulagsnefnd tók málið fyrir á fundi 19. maí sl. og lagði til að skipulagið verði samþykkt og auglýst. Auk deiliskipulagsins lá fyrir samantekt um eldri hús á svæðinu og um þau hús sem áður höfðu staðið þar en eru horfin. Samantektin er unnin af Dagnýju Sigmarsdóttur og Sigrúnu Lárusdóttur hjá Menningarfélaginu Spákonuarfi og er viðauki við deiliskipulagið.

Sveitarstjórn samþykkti að framlögð tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Verkefni og starfsmannahald sumarið 2011

Fyrir fundinum lá samantekt sveitarstjóra um ýmis verkefni sem ætluð eru fyrir átaksverkefni námsmanna og atvinnuleitenda í sumar. Einnig lá fyrir fundinum listi yfir umsækjendur um störf í átaksverkefni.

Sveitarstjórn ræddi bæði átaksverkefnið og umsóknirnar og samþykkti að standa að verkefninu í ljósi þess sem lá fyrir fundinum og fram kom í umræðum um það.

4. Samningur um skólamáltíðir

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um skólamáltíðir við Vestrið ehf. Samningurinn er uppfærsla á áður gerðum samningi við sama aðila sem gildir til 30. maí nk. Gildistími nýs samnings er til 30. maí 2013.

Sveitarstjórn ræddi samninginn og samþykkti hann fyrir sitt leyti og fól sveitarstjóra að ganga frá honum.

5. Grunnskólinn**a. Skýrsla skólastjóra um skólastarfið**

Hildur Ingólfssdóttir mætti á fundinn og gerði grein fyrir skólastarfi á því skólaári sem er að ljúka. Hún fór í gegnum hvað hafi borið við og vel til tekist á skólaárinu. Hún fór einnig yfir starfsmannahald skólans og kom fram að breytingar í starfsmannahaldi eru óverulegar.

Skólastjóri lagði fyrir fundinn og kynnti erindi um stuðningsfulltrúa, annarsvegar á yngsta og miðstigi og hins vegar til að sinna sérstöku máli sem þurfi að fylgja eftir með þeim hætti.

Samþykkt heimild til að ráða stuðningsfulltrúa skv. tillögum skólastjóra.

Fyrir fundinum lá uppsetning á skóladagatali 2011-2012 sem skólastjóri kynnti.

b. Kennslustundafjöldi næsta skólaár

Skólastjóri kynnti samantekt um áætlaða þörf á kennslukvóta næsta skólaár. Samþykkt að verða við tillögu B sem skólastjóri lagði fram og er 318 kest. og miðast við 100 nemendur á skólaárinu eða 3,2 kest./nemenda.

6. Bréf**a. Nemenda 7. bekkjar Höfðaskóla**

Bréfið er áskorun til sveitarstjórnar um að láta laga körfuboltavöll á skólalóðinni. Með bréfinu sem er undirritað af nemendum 7. bekkjar er kostnaðaráætlun sem nemendur höfðu gert til að fylgja erindinu eftir.

Sveitarstjórn ræddi málið en samþykkti síðan að verða við því og láta endurgera völinn.

b. Aflsins, dags. 4. maí 2011

Bréfið er styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurland.

Sveitarstjórn ræddi málið en taldi ekki forsendur til sérstakra fjárframlaga.

c. Kántrýbæjar, dags. 12. maí 2011.

Með bréfinu er kynnt fyrirhuguð opnun Kántrýseturs 10. júní nk. og forsendur fyrir opnun þess og kostnaði sem af því hlýst. Erindi bréfsins er að óska eftir styrk til uppsetningar

Sveitarstjórn Skagastrandar **Fundargerðir**

Kántrýsetursins. Samþykkt að styrkja setrið um 2,5 milljónir króna en gert að skilyrði að fram verði lagður ársreikningur.

d. Íbúa Fellsbrautar og í Mýrinni, dags. 4. maí 2011.

Með bréfinu er skorað á sveitarstjórn að láta setja upp vel merkta hraðahindrun á Fellsbraut til að draga úr umferðarhraða og minnka slysaættur við gangbraut sem m.a. er mikið notuð af skólabornum. Undir bréfið rita 47 íbúar. Samþykkt að verða við erindinu og jafnframt að óska eftri fundi með lögreglu um hvernig best sé að auka umferðareftirlit og sporna við hraðakstri.

e. Framkvæmdastjóra SSNV, dags. 26. apríl 2011.

Erindi bréfsins er að kynna að 19. ársþing SSNV verði haldið 26.-27. ágúst 2011 í Húnaþingi vestra.

Bréfið var til kynningar.

f. Sveitarstjóra Húnaþings vestra, dags. 27. apríl 2011.

Í bréfinu kemur fram að það er svarbréf við erindi sveitarstjórnar Skagastrandar um að sveitarfélög í Húnavatnssýslum beiti sér fyrir daglegum akstri í FNV. Fram kemur að Byggðaráð Húnaþings vestra telur að vegna fjarlægðar séu ekki forsendur fyrir daglegum akstri úr því sveitarfélagi en er tilbúið til viðræðna um helgarakstur.

Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með sveitarstjóra Húnaþings vestra og bæjarstjóra Blönduóss.

7. Fundargerðir

a. Skipulagsnefndar, 19.05.2011.

Eftirfarandi dagskrárliðir voru samþykktir:

- 1 Deiliskipulag sbr. 2. dagskráliður þessa fundar
- 3 Staðfesting lóðamarka

Að öðru leyti var efni fundargerðarinnar til kynningar

b. Tólmstunda- og menningarmálanefndar, 2.05.2011.

Eftirfarandi dagskrárliður var samþykktur sérstaklega:

- 3 Forvarnarverkefni; Samþykktur styrkur skv. fundargerð

Fundargerðin var samþykkt.

c. Menningarráðs Norðurlands vestra, 14.04.2011.

Fundargerðin var til kynningar

d. Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, 5.05.2011.

Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

- Fram lögð skýrsla „Úttekt á líkamsræktarstöð í íþróttahúsinu á Skagaströnd.“ unnin af Guðrúnu Gísladóttur. Samþykkt að vísa henni til starfsmanna íþróttahússins.
- Oddviti og sveitarstjóri skýrðu frá fundi sem þeir áttu með fulltrúum Rarik um hitaveitu 20. maí sl. Umræður urðu um málið og ákveðið að halda áfram viðræðum um hitaveitu til Skagastrandar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁵

Adolf H. Berndsen,

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Magnús B. Jónsson